

## Úrskurður nr. 2 /2014

Kærður er úrskurður Tollstjóra nr. 12/3013. Ágreiningur er um tollfríðindameðferð af afmælisgjöfum.

Með bréfi til Ríkistollanefndar, sem barst þann 15 janúar 2014, kærir K. úrskurð Tollstjóra nr. 12/2013. Í nefndum úrskurði hafnar Tollstjóri tollfríðindameðferð af afmælisgjöfum til tveggja barna kæranda en samþykkir fríðindameðferð af tveimur gjöfum. Tollstjóri telur að of langur tími sé liðinn frá afmælisdegi og komudags gjafanna. Kærandi segir sendinguna innihalda fjórar afmælisgjafir til barna sinna frá ættingjum í Svíþjóð og þær séu sendar í einum pakka af hagkvæmnisástæðum. Hann krefst þess að úrskurður Tollstjóra verði felldur úr gildi.

Í hinum kærða úrskurði Tollstjóra segir m.a. að með bréfi, sem mótttekið hafi verið þann 17. október 2013, hafi kærandi kært til úrskurðar skv. 117. gr. tollalaga nr. 88/2005 ákvörðun Tollstjóra, dags. 7. október 2013, um höfnun beiðni um niðurfellingu aðflutningsgjalda á póstsendingu nr. P 150 30 09 3 IS B28 3326.

Kærandi fer fram á leiðréttingu álagðra gjalda.

Um málsmeðferð segir í hinum kærða úrskurði að þann 30. september 2013 hafi borist hingað til lands sending nr. P 150 30 09 3 IS B28 3326, sem innihélt fjóra kuldagalla. Þann 4. október sama ár sendi kærandi Tollstjóra tölvupóst þar sem fram kom að umrædd sending innihéldi kuldagalla fyrir börn hans og væru afmælisgjafir frá ættingjum þeirra í Svíþjóð. Þann 7. október tilkynnti Tollstjóri kæranda að beiðni um gjafafríðindi væri hafnað að hluta til, en fallist var á að tveir gallanna gætu talist vera afmælisgjafir. Því var hafnað að hinir tveir gallarnir gætu fengið tollfríðindameðferð sem gjafir þar sem börnin áttu afmæli í júní og því of langt liðið frá afmæli þeirra þegar sendingin barst hingað til lands.

Kæra vegna ofangreindrar ákvörðunar Tollstjóra barst embættinu þann 17. október 2013.

Tollstjóri rekur síðan meginrök kæranda en þar kemur fram að systkini kæranda, sem búsett eru í Svíþjóð, hafi ákveðið að gefa börnum hans afmælisgjafir sem myndu nýtast vel og því sent umræddan pakka sem innihélt kuldaföt fyrir veturinn. Kærandi á fjögur börn á aldrinum 4 – 7 ára. Gjafirnar voru allar sameinaðar í eina sendingu, þar sem um er að ræða eins gjafir handa öllum börnunum. Þá tekur kærandi fram að tvö barnanna eigi afmæli í júní og ekki hafi verið tímabært að kaupa eða senda kuldagalla að sumarlagi.

Kærandi kveðst hafa verið krafinn um toll af vörunum þegar sendingin kom til landsins, þó svo að hann hafi skýrt frá því að um afmælisgjafir væri að ræða og verðmæti þeirra hafi verið undir leyfilegu hámarki. Kærandi telur sig uppfylla þau skilyrði sem sett eru fyrir gjafafríðindum skv. 32. gr. reglugerðar nr. 630/2008 um ýmis tollfríðindi, þar sem hver gjöf er undir hámarks fjárhæðinni 13.500 kr., hann sé búinn að sýna fram á að um gjöf sé að ræða til fjögurra barna, sendingin sé frá systkinum kæranda og hann hafi skýrt vel frá því hvers vegna allir kuldagallarnir komu saman í einum og sama pakkanum sem hafi verið af hagkvæmnisástæðum. Um sé að ræða kuldagalla fyrir veturinn og það sé ástæða þess að sendingin hafi komið á þessum tíma árs. Kærandi telur að ekkert komi fram í áðurgreindu ákvæði reglugerðar nr. 630/2008 um hvenær afmælisgjöf skuli berast til landsins.

Kærandi fer fram á niðurfellingu aðflutningsgjalda vegna ofangreindrar sendingar

Þá segir orðrétt í hinum kærða úrskurði Tollstjóra „Meginregla tollalaga nr. 88/2005 er sú að almenn tollskylda hvílir á hverjum þeim sem flytur inn vöru til landsins til endursölu, afhendingar án endurgjalds eða eigin nota eða verður ábyrgur fyrir greiðslu tolla samkvæmt tollalögum, sbr. 3. gr. laganna. Undantekning frá meginreglunni er m.a. að finna í 1. mgr. 6. gr. laganna. Allar undantekningar ber að túlka þröngt og verður því að gera ríkar kröfur um að skilyrði fyrir undantekningu á almennri tollskyldu séu fyrir hendi.

Gjafir sem sendar eru til landsins eru tollfrjálssar að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, það er að segja að um sé að ræða gjafir sem aðilar búsettir erlendis senda hingað til lands eða hafa með sér frá útlöndum af sérstöku tilefni, þó ekki í atvinnuskyni, enda sé verðmæti gjafarinnar ekki meira en 13.500 kr. Sé verðmæti gjafar meira en 13.500 kr. skal gjöf þó einungis tollskyld að því marki sem hún er umfram þá fjárhæð að verðmæti, sbr. 8. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga.

Í reglugerð nr. 630/2008 um ýmis tollfríðindi er ofangreint ákvæði tollalaga nánar útfært, sbr. reglugerðarheimild í 2. mgr. 6. gr. tollalaga. Í 32. gr. reglugerðarinnar kemur fram að með gjöfum af sérstöku tilefni skv. a-lið 8. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga, sem undanþegnar eru aðflutningsgjöldum, sé átt við tækifærisgjafir sem aðilar búsettir erlendis senda til landsins eða hafa meðferðis frá útlöndum vegna tilefna sem tengjast einkalífínu, svo sem vegna jóla, afmælis eða fermingar, enda sé verðmæti þeirra að hámarki kr. 13.500 miðað við smásöluverð á innkaupsstað.

Ágreiningur stendur um hvort umrædd sending innihaldi afmælisgjafir og falli þar með undir gjafaákvæði a-liðar 8. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga, eða beri almenna tollskyldu, sbr. 3. gr. laganna.

Kærandi heldur því fram að um sé að ræða afmælisgjafir handa fjórum börnum sínum. Samkvæmt upplýsingum úr Þjóðskrá eiga tvö börn kæranda afmæli í júní, eitt í nóvember og annað í desember, en gjafirnar bárust hingað til lands þann 30. september sl. Þegar lagt er mat á það hvort í raun sé um að ræða afmælisgjafir í sendingu sem þessari er meðal annars horft til þess hvort sérstakt tilefni til að senda gjöf sé fyrir hendi, sbr. a-lið 8. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga og 32. gr. reglugerðar 630/2008 um ýmis tollfríðindi. Þegar mat er lagt á það hvort gjöf sé send af sérstöku tilefni er litið til þess hvort gjafasending berst í kringum það tilefni sem sendandi tiltekur. Ekki er kveðið á um það í tollalögum eða reglugerð nr. 630/2008, hvenær gjöf skuli berast til landsins til að geta talist afmælisgjöf. Embætti Tollstjóra hefur þó litið svo á að til að sending geti talist vera afmælisgjöf verði hún að berast í kringum afmælisdag viðtakanda. Ella væri mun meiri erfiðleikum háð að meta hvort sending innihaldi raunverulega afmælisgjöf. Telja verður að eðli málsins samkvæmt séu gjafir almennt sendar nálægt dagsetningu tilefnis. Berist sending ekki í kringum tilefni er því litið svo á að hún sé ekki í nægum tengslum við það tilefni sem sendandi tiltekur og uppfylli þar af leiðandi ekki skilyrði áðurnefndra ákvæða tollalaga og reglugerðar um ýmis tollfríðindi um að vera gjöf af sérstöku tilefni. Þessi túlkun samræmist því markmiði laganna að gjafir þurfi að vera af sérstöku tilefni. Tekið er mið af aðstæðum hverju sinni, en ekki er gerð krafa um að gjöf komi nákvæmlega á afmælisdegi viðtakanda. Út frá sanngirnisþingarmálinum er til dæmis í einstaka tilvikum gefinn rýmri tímarammi þegar sendingar koma lengra frá og sendingartíminn er þar af leiðandi lengri. Sending sú sem um ræðir í þessu máli kom frá Svíþjóð, en ekki getur talist að sendingartími þaðan teljist svo langur að gefa beri lengri tímafrest. Þegar litið er til þess hversu langur tími líður á milli afmælisdaga hluta barna kæranda og komudags sendingarinnar þá er ekki hægt að fallast á með kæranda að allar vörurnar falli undir gjafafríðindi tollalaga. Tæpir fjórir mánuðir voru liðnir frá afmæli þeirra tveggja barna kæranda sem eiga afmæli í júní þegar sendingin barst. Þá munu um tveir og hálfur mánuðir líða frá því að sendingin barst og þar til barn kæranda á afmæli í desember. Er því ekki hægt að fallast á að þrjár kuldagallar í umræddri sendingu geti talist vera afmælisgjafir í skilningi a-liðar 8. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga, sbr. 32. gr. reglugerðar nr. 680/2008.

Hin kærða ákvörðun Tollstjóra dags. 7. október sl. er vissum annmörkum háð. Með ákvörðun Tollstjóra í málinu var fallist á að tveir kuldagallana gætu talist afmælisgjafir í skilningi tollalaga. Hins vegar er ljóst að mistök áttu sér stað við afgreiðslu málsins, þar sem einungis einn gallana hefði réttilega átt að vera afgreiddur sem gjöf sbr. það sem að ofan er rakið, þ.e. sá galli sem tilheyrir því barni kæranda sem á afmæli í nóvember. Hinn gallinn hefði með réttu ekki átt að hljóta sömu fríðindameðferð þar sem afmælisdagur þess barns er um miðjan desember og því mun líða of langur tími á milli afmælisdagsins og móttökudags sendingar til

landsins, eða um tveir og hálfur mánuðir. Um er að ræða mistök af hálfu Tollstjóra við afgreiðslu málsins sem kærandi verður ekki látinn bera hallan af, verður hin kærða ákvörðun því staðfest.

Með vísan til alls ofangreinds teljast skilyrði til frekari niðurfellingar aðflutningsgjalda af vörum í sendingu nr. P 150 30 09 3 IS B28 3326, skv. a-lið 8.tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga, sbr. 32. gr. reglugerðar nr. 680/2008, ekki uppfyllt. Ákvörðun um höfnun á niðurfellingu aðflutningsgjalda er því staðfest og ber kæranda að greiða aðflutningsgjöld af tveimur kuldagöllum af fjórum.“

Embætti Tollstjóra úrskurðar skv. 117. gr. tollalaga nr. 88/2005, með síðari breytingum, að ákvörðun Tollstjóra um höfnun beiðni um frekari niðurfellingu aðflutningsgjalda vegna gjafa sé staðfest.

Í kærinni til Ríkistollanefndar segir orðrétt „ Vegna úrskurðar á sendingu á gjöfum. Ég vil kæra úrskurð nr. 12/2013, þar sem er verið að brjóta á mér þeim rétti að fá sendar gjafir frá ættingjum erlendis frá án þess að greiða af þeim toll. Ég sendi inn til tollsins kvörtun um úrvinnslu á sendingu til mín sem innihélt afmælisgjafir til barnanna minna og var kvörtunin tekin sem kæra og tók úrvinnsla hennar talsverðan tíma, og fékk ég ekki nein svör þótt ég leitaði eftir því heldur var mér bent á að ég gæti leyst út pakkann með fyrirvara. Nú kemur úrskurður á þann veg að aðeins helmingurinn af pakknum er samþykktur sem gjöf. Ef ég hefði vitað það þá hefði ég sent pakkann aftur út og fengið hann með ættingja sem átti leið þar um seinna. Ég er ekki sammála þessum úrskurði vegna þess að ég hef fordæmi um að hafa fengið pakka frá sama aðila árið 2010 og ekki fengið neina athugasemd þá, nema að ekki væri hægt að sjá að sendinginn kæmi frá einkaaðila. Var það vegna þess hún hafi sent pakkann frá fyrirtæki sem hún vann hjá og gat ég sýnt fram á að pakkinn væri frá ættingja. Ekki var nein athugasemd um að pakkinn væri ekki nærri afmæli barnanna. Og voru þetta þá gjafir til þriggja barna. Með þessa sendingu nú, þá var passað upp á að hún sendi pakkann á sínu nafni svo það kæmi ekki upp sama vandamál. Eins og ég útskýri vel í mínum áðursendum rökum þá er hvergi getið um að tollurinn meti gjafasendingar þröngt né að pakkarnir þurfi að berast innann ákveðins tíma. Eins og segir í úrskurðinum: *“Ekki er kveðið á um það í tollalögum eða reglugerð nr 630/2008, hvenær gjöf skuli berast til landsins til að geta talist afmælisgjöf”* Þar með er ekki til reglugerð né lög um þennan úrskurð og er því verið að brjóta á lögmætisreglu stjórnsluréttarins!

Gjafir sem aðilar búsettir erlendis hafa með sér eða senda hingað til lands af sérstöku tilefni, þó ekki í atvinnuskyni, eru undanþegnar aðflutningsgjöldum að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

1. Að verðmæti gjafar samkvæmt framlögðum reikningi sé ekki meira en 13.500 kr. Fylgi reikningur ekki vörusendingu áætlað tollstjóri verðmætið með hliðsjón af líklegu smásöluverði á innkaupsstað. Sé verðmæti gjafar meira en 13.500 kr. eru aðflutningsgjöld reiknuð að því marki sem verðmætið er umfram þá fjárhæð. Brúðkaupsgjafir eru undanþegnar aðflutningsgjöldum þótt þær séu meira en 13.500 kr. að verðmæti, enda sé að mati tollstjóra um eðlilega og hæfilega gjöf að ræða sem flutt er inn eigi síðar en 6 mánuðum frá brúðkaupi.
2. Að viðtakandi sýni fram á að um gjöf af sérstöku tilefni sé að ræða. Gjafir vegna afmælis, brúðkaups, jóla eða fermingar teljast meðal annars vera gjafir af sérstöku tilefni í þessu sambandi.
3. Að sending beri með sér að um sé að ræða gjöf frá gefanda búsettum erlendis og að tengsl séu á milli hans og þess sem gjöfina fær.
4. Sé ljóst af fylgiskjölum eða samsetningu gjafasendingar að hún sé ætluð tveimur eða fleiri og gjöfunum hafi eingöngu af hagkvæmnisástæðum eða vegna tilefnis sendingar verið pakkað saman til flutnings er gjöf til hvers og eins talin sjálfstæð gjöf við mat á því hvort gjöfin teljist innan verðmætamarka.

Eins og sést vel á þeim reglum sem eru settar vegna gjafa þá eru sett tímamörk á brúðkaupsgjafir en ekki tekið til um aðrar gjafir þannig að ég get ekki séð að það sé hægt að úrskurða að þessar gjafir sem ég er að fá fyrir börnin mín beri toll. Það er hvergi getið þess að tollurinn túlki þetta þröngt. Varðandi þessar fjórar reglur sem settar eru vegna gjafasendingar þá er ég innan þeirra allra eins og ég hef sent áður með góðum útskýringum sem ég get ekki betur séð að séu vel gildar. Ég læt hér fyrir neðan fylgja þær útskýringar sem ég sendi inn: *Ég vil benda á því broti sem er verið að gera á okkur er varðar þessa sendingu. Sending: CC437818385SE Ég á fjögur börn á aldrinum 4 ára til 7 ára og langaði systkinum mínum sem búsett eru í Svíþjóð, og hafa gert frá barnsaldri, að gefa þeim afmælisgjafir og var niðurstaðan að þau skildu gefa þeim eitthvað sem hægt er að nota og var ákveðið gefa þeim kuldaföt fyrir veturinn. Þar sem tvíburarnir eiga afmæli í júní var ekkert vit í því að gefa þeim kuldafötin þá heldur sameina gjafirnar í eina sendingu, þar sem þau eru öll að fá það sama. Nú er pakkinn kominn til landsins og erum við krafinn um toll af vörunum þó svo um afmælisgjafir er um að ræða. Ég útskýrði málið og eru verðmæti gjafanna undir leyfilegu marki.*

- „1. Hver gjöf fyrir sig er undir 13.500 kr.
2. Ég er búinn að sýna fram á að um gjöf sé að ræða og fer ekki á milli mála að þetta eru gjafir til fjögurra barna.
3. Sendingin er frá mínum systkinum

4. *Ég er búinn að útskýra vel hvers vegna þetta kemur allt saman í einum pakka, að börnin eru öll að fá það sama í afmælisgjöf og af hagkvæmnisástæðum kemur þetta allt saman í einum pakka. Og eðli gjafarinnar er að þetta er að koma á þessum tíma, fyrir veturinn. „*

Kæran var send Tollstjóra til umsagnar með bréfi dags 17. janúar 2014. Í svari embættisins sem barst nefndinni þann 14. febrúar 2014 segir m.a.:

Með bréfi dags. 17. janúar 2014 barst embætti Tollstjóra beiðni Ríkistollanefndar um að veita umsögn skv. 118. gr. tollalaga nr. 88/2005, vegna kæru K. Ágreiningur í máli þessu snýr að álagningu aðflutningsgjalda á sendingu sem barst hingað til lands þann 30. september 2013 með sendingu nr. P 150 30 09 3 IS B28 3326 frá Svíþjóð. Kærandi telur sig eiga rétt á tollfríðindameðferð skv. 8. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga, sbr. 32. gr. reglugerðar nr. 630/2008 um ýmis tollfríðindi. Sendingin innihélt fjóra kuldagalla sem ætlaðir voru sem afmælisgjafir handa börnum kæranda. Tollstjóri féllst á að hluti sendingarinnar teldist vera afmælisgjöf skv. áðurgreindum ákvæðum tollalaga og reglugerðar nr. 630/2008. Niðurstaða Tollstjóra byggði á þeim rökum að þar sem of langur tími hefði liðið milli afmælisdags hluta barna kæranda og komudags sendingarinnar þá væri ekki hægt að fallast á að þrjú kuldagallar í umræddri sendingu gætu talist vera afmælisgjafir í skilningi áðurgreindra ákvæða. Varðandi frekari málavexti vísast til hins kærða úrskurðar.

Kærandi telur að á sér hafi verið brotið er hann fékk ekki að öllu leyti tollfríðindameðferð skv. 8. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga, sbr. 32. gr. reglugerðar nr. 630/2008. Kærandi telur að hann eigi rétt á því að fá sendar gjafir frá ættingjum erlendis án greiðslu aðflutningsgjalda. Kærandi vísar til þess að hvergi sé getið um að Tollstjóri skuli meta gjafasendingar með svo þröngum hætti að pakkar skuli berast innan ákveðins tíma. Þar með sé úrskurðurinn ekki byggður á lögum né reglugerð og sé því um að ræða brot á lögætisreglu stjórnisýsluréttarins. Kærandi vísar til þess að tímamörk eru sett vegna brúðkaupsgjafa en ekki sé mælt fyrir um ákveðinn tímaramma í tengslum við aðrar gjafir í lögum eða reglugerð. Kærandi telur því að umræddar gjafir handa börnum hans eigi ekki að bera gjöld. Kærandi kveður að hvergi sé þess getið að Tollstjóri skuli túlka reglurnar þröngt. Telur kærandi sig vera innan allra þeirra skilyrða sem sett eru í reglugerð nr. 630/2008. Þá tekur kærandi fram að hann hafi áður fengið pakka frá sama aðila frá útlöndum án athugasemda, fyrir utan að gerð var athugasemd við að sendingin hafi ekki komið frá einkaaðila. Kærandi hafi náð að sýna fram á að ættingi hafi sent pakkann, en ekki hafi verið gerð nein athugasemd við að sendingin hefði ekki borist nærri afmæli barnanna.

Í máli þessu reynir á ákvæði tollalaga og reglugerðar nr. 630/2008 sem kveða á um gjafafriðindi einstaklinga. Ákvæði 8. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga kveður á um tollfríðindi

gjafa sem aðilar búsettir erlendis senda hingað til lands eða sem þeir hafa með sér frá útlöndum, af sérstöku tilefni, enda sé verðmæti gjafar ekki hærra en 13.500 kr. Í 32. gr. reglugerðar nr. 630/2008 er gerð nánari grein fyrir skilyrðum fyrir þessum tollfríðindum. Um er að ræða undanþáguákvæði frá almennri tollskyldu, sbr. 3. gr. tollalaga. Leggja skal þrengjandi lögskýringu til grundvallar þegar lög kveða á um undanþágu frá greiðslu skatta og gjalda. Meginrökin að baki þessari nálgun eru að jafnræðis sé gætt milli borgaranna. Því þurfa öll skilyrði undanþáguákvæðis ótvírætt að vera uppfyllt til þess að undanþágu verði beitt. Almenna reglan um þrengjandi lögskýringu er óskráð meginregla og hafnar því Tollstjóri þeim rökum kæranda að þar sem ekki sé kveðið á um með beinum hætti að ákvæðið skuli háð þröngri túlkun sé um að ræða brot gegn lögsmætisreglu stjórnarsýsluréttar. Líkt og kærandi bendir á er ekki kveðið á um í tollalögum né reglugerð nr. 630/2008 hvenær gjöf skuli berast til landsins til að geta talist vera afmælisgjöf. Þó verður að gera ráð fyrir því að afmælisgjöf berist í kringum afmælisdag viðtakanda. Embætti Tollstjóra leggur mat á þetta hverju sinni enda væri að öðrum kosti miklum erfiðleikum háð að sjá hvaða sendingar innihalda raunverulegar afmælisgjafir og hverjar ekki. Berist sending ekki í kringum tilefni gjafarinnar er litið svo á að hún sé ekki í nægum tengslum við það tilefni sem sendandi tiltekur og uppfylli þar af leiðandi ekki skilyrði áðurnefndra ákvæða tollalaga og reglugerðar um ýmis tollfríðindi um að vera gjöf af sérstöku tilefni. Þessi túlkun samræmist því markmiði laganna að gjöf þurfi að vera af sérstöku tilefni. Þegar litið er til þess hversu langur tími líður á milli afmælisdaga hluta barna kæranda og komudags sendingarinnar er ekki hægt að fallast á með kæranda að allar vörurnar heyri undir gjafafríðindi tollalaga. Tæpir fjórir mánuðir voru liðnir frá afmæli tveggja barnanna og um tveir og hálfur mánuður leið frá komudegi sendingarinnar og þar til annað barn kæranda átti afmæli. Af þeim sökum er ekki hægt að fallast á að þrjú kuldagallanna í umræddri sendingu geti talist vera afmælisgjafir í skilningi a- liðar 8. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga, sbr. 32. gr. reglugerðar nr. 630/2008. Kærandi var þó aðeins krafinn um aðflutningsgjöld af tveimur kuldagallanna eins og nánar er útskýrt í hinum kærða úrskurði. Kærandi vísar til þess að hann hafi fordæmi fyrir því að hafa fengið sendingu erlendis frá með sama hætti og í þessu máli og fengið hana afhenta án athugasemda. Embætti Tollstjóra hefur engin gögn sem styðja þessa fullyrðingu kæranda. Þó er ljóst að hafi slík framkvæmd verið viðhöfð í sambærilegu máli var um ranga framkvæmd að ræða. Röng framkvæmd í einu máli réttlætir ekki áframhaldandi ranga framkvæmd og er enn síður til þess fallið að vera fordæmisgefandi. Tollstjóri hafnar því að þessi rök kæranda séu til þess fallin að hafa áhrif á niðurstöðu í þessu máli.

Í samræmi við það sem að ofan er rakið gerir Tollstjóri þá kröfu að niðurstaða hans um höfnun á beiðni kæranda um frekari niðurfellingu aðflutningsgjalda vegna gjafa sé staðfest fyrir Ríkistollanefnd.

Að öðru leyti er vísað til hins kærða úrskurðar.

Ríkistollanefnd hefur farið yfir málið á fundum nefndarinnar. Í málinu er ekki ágreiningur að um afmælisgjafir sé að ræða, í öllu falli mótmælir tollstjóri ekki fullyrðingu kæranda þar um. Það er heldur ekki ágreiningur um að gjafirnar séu innan leyfilegra fjárhæðarmarka kr. 13.500,- að hámarki hver afmælisgjöf. Tollstjóri hafnar því hins vegar að hluti gjafanna, nánar tilgreint þrjú gallar af fjórum geti ekki fengið tollafgreiðslu sem afmælisgjafir vegna þess að þeir hafi komið til landsins of löngu frá afmælisdegi viðkomandi. Vegna mistaka af hálfu tollyfirvalda eru þó tvær af fjórum gjöfum tollafgreiddar á grundvelkli afmælisgjafa.

Það er mat Ríkistollanefndar að engin ástæða sé að rengja fullyrðingu kæranda að nefndir kuldagallar séu fjórar afmælisgjafir til fjögurra barna hans. Tekið er undir með kæranda að hvorki í tollalögum né viðkomandi reglugerð er að finna ákvæði um tímamörk eins og Tollstjóri kveður á um í úrskurði sínum. Með vísan til framanritaðs og eins og mál þetta liggur fyrir fellst Ríkistollanefnd á sjónarmið kæranda í máli þessu og telur eðlilegt að tollafgreiða alla fjóra kuldagallana með sama hætti, þ.e. sem afmælisgjafir sem hver um sig njóti tollfríðindameðferðar.

Ríkistollanefnd kveður upp svofelldan úrskurð.

**ÚRSKURÐUR.**

Með vísan til 1. mgr. 118. gr. sbr. og 8.tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga nr. 88/2005 og reglugerðar nr. 630/2008 um gjaldfríðindi einstaklinga er hinn kærði úrskurður Tollstjórans í Reykjavík nr. 12/2013 felldur úr gildi. Tollafgreiða ber fjóra kuldagalla sem fjórar afmælisgjafir sem hver um sig telst að verðmæti innan leyfilegra fjárhæðarmarka sem afmælisgjöf, og nýtur því tollfríðindameðferðar.